

Fundargerð hreppsnefndar 18. febrúar 2016

Fundur nr. 36 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 18. febrúar 2016 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16:00.

Mætt til fundar: Stefán Grímur Rafnsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Steingrímur R. Árnason, Sigríður Bragadóttir, Sigurjón H. Hauksson og

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

a. Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 3. febrúar 2016
Fundagerðin samhljóða samþykkt.

b. HAUST dags. 10. febrúar 2016
Lagt fram til kynningar.

2. Bréf til sveitarstjórnar frá:

a. Stefáni Hrafni Magnússyni og Birni Magnússyni – Hreindýraeldi og ferðamennska
Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og samþykkt samhljóða að vísa erindinu til atvinnu- og ferðamálanefndar og landbúnaðarnefndar til umsagnar.

b. HAUST – Varðar svæðisáætlanir um meðferð úrgangs
Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að svara erindinu.

c. Ferða- og menningarfulltrúa Vopnafjarðarhrepps - Aðalfundur Ferðamálasamtaka Austurlands
Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og samhljóða samþykkt að leggja málinu lið og sveitarstjóra falið að vinna að framgangi þess.

3. Almenn mál:

a. Atvinnumál
Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu:

Bolfiskvinnsla á Vopnafirði

Á fjölmönnum borgarafundi í Miklagarði þann 9. febrúar sl tilkynnti forstjóri HB Granda hf. að félagið muni hefja bolfiskvinnslu á Vopnafirði næstkomandi haust.

Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps lýsir ánægju sinni með ákvörðun fyrirtækisins. Frá árinu 2005 hefur HB Grandi byggt upp háþróaða uppsjáfarvinnslu á Vopnafirði er hefur verið þungamiðja

atvinnulífs sveitarfélagsins. Um mitt liðið ár settu Rússar viðskiptabann á vörur frá Íslandi. Ljóst var að bannið hefði mikil áhrif á atvinnulíf á Vopnafirði litið til mikilvægis afurða HB Granda.

Með ákvörðun stjórnar HB Granda hf. viðvíkjandi uppbyggingu bolfiskvinnslu á Vopnafirði kemur berlega í ljós hversu mikils virði öflugt fyrirtæki er fyrir byggðalag sem má afar illa við áfalli samfara viðskiptabanni Rússa.

Útgerð og fiskvinnsla hefur í gegnum árin verið aðalatvinnugrein hinna dreifðu byggða í landinu. Atvinnugreinin hefur gengið í gegnum gríðarmiklar breytingar tilkomnar af bæði náttúrulegum aðstæðum og mannavöldum. Eftir standa öflug hátæknifyrirtæki sem varðar miklu að standa vörð um þannig að þau geti mætt utanaðkomandi sveiflum og hlúð eftir sem áður að atvinnu í byggðum landsins.

Bókunin samhljóða samþykkt.

b. Fyrirspurn um Þorbrandsstaði

Sveitarstjórn tekur jákvætt í útleigu á Þorbrandsstöðum samhliða rekstri Hjáleigunnar og minjasafnsins á Bustarfelli og felur sveitarstjóra að ganga til samninga. Samhljóða samþykkt.

c. Drög að reglugerð um framlög í málaflokki fatlaðs fólks 2016

Lagt fram til kynningar.

d. Finnafjarðarverkefnið

Málið tekið fyrir á lokuðum fundi en síðan var bókað:

Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps samþykkir samhljóða breytingar unnar af lögfræðingum á viljayfirlýsingu aðila verkefnisins og heimilar þeim að bera þær undir aðra samningsaðila. Undanskilinn er viðauki 1 sem sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps æskir nánari útlistun á.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða, fundi slitið kl. 19:25.

[Fylgigögn fundar 180216.pdf](#)